



Borgarráð

Leikskólinn Árborg. Viðgerðir og endurbætur.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna viðgerða og endurbóta á húsnæði leikskólans Árborgar.

Áætlað er að framkvæmdum verði lokið á vormánuðum árið 2026.

Heildarkostnaðaráætlun er 400 m.kr.

Greinargerð:

Starfsemi leikskólans Árborgar hefur frá haustinu 2022 farið fram í Selásskóla. Rekstrarleyfi þar er fyrir 50 börn. Þegar endurbætt húsnæði Árborgar verður tekið aftur í notkun fer samanlagt rekstrarleyfi upp í 110 börn.

Búið er að fjarlægja þá byggingarhluta sem reyndust vera skemmdir og þarfnast endurnýjunar. Auk viðgerða á húsnæðinu verða einnig gerðar á því breytingar til að mæta nútímakröfum um leikskólastarf. Verkefnið er hluti af endurbóta- og viðhaldsátaki í leik- og grunnskólum Reykjavíkur.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

- Kynning
- <https://reykjavik.is/framkvaemdir/arborg-endurgerd-leikskola>



Leikskólinn Árborg

Endurgerð húsnæðis

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ






Lýsing á framkvæmd

- Leikskólinn er byggður í tveimur áföngum, sá fyrri var reistur 1962 og viðbyggingu var bætt við 1997.
- Verkið felst í endurgerð og endurbótum á eldra húsi og viðbyggingu. Í eldra húsi er um að ræða endurnýjun á þakvirki og gluggum og loftræsta utanhússklæðningu. Á viðbyggingu einskorðast endurbætur utanhúss við glugga.
- Báðir áfangar fá heildaruppfærslu að innan þar sem tekið er tillit til nútímakrafna til leikskólahúsnæðis, s.s. bætt kennslurými og uppfærð starfsmannaaðstaða. Hljóð- og ljósvist verður stórbætt, varmaskiptakerfi verður í loftræsingu, brunavarnir uppfærðar og flest allar lagnir endurnýjaðar.
- Gerð verður krafa um notkun umhverfisvænna byggingarefna án þess þó að farið verði í formlega umhverfisvottun að þessu sinni.







Yfirlitsmyndir




4 ÚTLIT - AUSTUR - INNGANGUR GARDHLÍÐ
M 1:100



5 SNEIÐING D-D
M 1:100



6 ÚTLIT - SUÐUR / GARDHLÍÐ - eftir breytingu
M 1:100



7 ÚTLIT - VESTUR / GÖTUHLÍÐ
M 1:100



8 ÚTLIT - NORÐUR / INNGANGUR Í ELÐRA HÚSÍÐ
M 1:100



Kostnaður og verktími

- Áætlaður heildarkostnaður verkefnisins er 400 m.kr.
- Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir í febrúar 2025 og að þeim verði lokið í febrúar 2026.





Reykjavík

